# 61 Ó, hve dýrðleg er að sjá




5. Stjarnan skær þeim lýsti leið,
leiðin þannig varð þeim greið
uns þeir sveininn fundu fríða.
Fátæk móðir vafði' hinn blíða
:/: helgri' í sælu' að hjarta sér. :/:

6. Stjarnan veitt oss einnig er
og ef henni fylgjum vér
hennar leiðarljósið bjarta
leiða' um jarðar húmið svarta
:/: oss mun loks til lausnarans. :/:

7. Villustig sú aldrei á
undrastjarnan leiðir há,
orðið Guðs hún er hið skæra
oss er Drottinn virtist færa
:/: svo hún væri' oss leiðarljós. :/:

**T** Nikolaj F.S. Grundtvig 1810 – Stefán Thorarensen – Sb. 1886
**L** Jacob G. Meidell um 1840 – JH 1885
**R** Sálmasöngsbók til kirkju- og heimasöngs 1936